

Reykjavík, 12. október 2022

Nefndasvið Alþingis  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar  
Austurstræti 8–10  
101 Reykjavík  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Bls. | 1

## Efni: Vegna umfjöllunar um tolla sem lagðir eru á franskar kartöflur við innflutning (þskj. 2 í 2. máli)

Við fyrstu umræðu um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2023 var lögð fram breytingartillaga (þskj. 146). Efnislega felur tillagan í sér að tollar sem lagðir eru á franskar kartöflur við innflutning verði felldir niður, þ.e. lækkaðir í 0% verðtoll og 0 kr./kg magntoll, með hliðsjón af hagsmunum íslenskra neytenda.

Rétt er að taka fram að SVP – Samtök verslunar og þjónustu eru slíkri tillögu fylgjandi og rituðu í reynd fjármála- og efnahagsráðherra erindi, ásamt SAF – Samtökum ferðaþjónustunnar og Neytendasamtökunum, hinn 5. september síðastliðinn, þar sem óskað var eftir að ráðherrann beitti sér fyrir slíkri niðurfellingu.

Sú áhersla sem endurspeglast í efni breytingartillögunnar hefur skapað töluverða umræðu. Hafa ýmsir vísað til þess að þar sem framleiðslu franskra kartaflna hefur verið hætt hér á landi sé verndarandlag tolla við innflutning þeirra í raun horfið og megintilgangur álagningarinnar því ekki lengur til staðar. Á móti hefur hins vegar komið fram sjónarmið sem má skilja þannig að allir tollar sem eftir standa í tollskrá í viðauka I í tollalögum séu í raun verndartollar, sem hafi þann tilgang að styðja við innlenda landbúnaðarframleiðslu. Hefur sú skoðun samhliða verið látin í ljós að svofelldum verndartollum megi aðeins breyta að fram komnu gagngjaldi í viðræðum um gerð fríverslunarsamninga.

Í þessu samhengi er rétt að rifja að nokkru upp sögu tolla sem nú eru lagðir á franskar kartöflur. Við gildistöku laga nr. 120/1976, um tollskrá o.fl., nam verðtollur á kartöflurnar 70%. Í kjölfar setningar tollalaga árið 1987 samþykkti Alþingi lög nr. 96/1987, um breytingu á tollalögum nr. 55/1987, og felldi með breytingarlögunum tollskrá í viðauka I inn í fyrrnefnd tollalög. Nam verðtollurinn eftir gildistöku laganna 30%. Í athugasemdum við 1. og 2. gr. frumvarps til laga nr. 96/1987 er tekið fram að von sé á fullgildingum samnings Tollasamvinnuráðsins um samræmda vöruheita- og vörflokkunarskrá fyrir lok árs 1987. Samhliða var framkvæmd ýmiskonar lagahreinsun og ýmis undanþáguákvæði felld brott, eins og kemur fram í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins. Á þeim tíma sem leið milli gildistöku laga nr. 120/1976 og tollalaga, nr. 55/1987, hafði hins vegar sérstakt 40% jöfnunargjald verið lagt á unnar kartöflur, með reglugerð nr. 289/1986. Með reglugerð nr. 451/1986 voru slíkar kartöflur hins vegar undanþegnar jöfnunargjaldi væru þær fluttar inn sem hráefni til innlendrar iðnaðarframleiðslu. Með reglugerð nr. 109/1988 var jöfnunargjaldið hækkað í 190% og skömmu síðar tilkynnti fjármálaráðuneytið ríkistollstjóra og landbúnaðarráðuneytinu að frosnar franskar kartöflur væru flokkaðar sem iðnaðarvara en ekki landbúnaðarvara og óþarft væri að framvísa leyfi vegna innflutnings þeirra. Jöfnunargjaldið hélst óbreytt til setningar reglugerðar nr.


335/1989 þegar það var lækkað í 120%. Aftur var það lækkað í 90% með reglugerð nr. 468/1993.

Samfara inngöngu Íslands í Alþjóðaviðskiptastofnunina (WTO) voru þær breytingar gerðar, með lögum nr. 87/1995, að verðjöfnunargjöld og ýmis önnur innlend gjöld voru felld niður en í þeirra stað teknar upp tollabindingar, hámark tolla, á vörur sem undir GATT-samninginn féllu. Í samræmi við ákvæði viðauka IIA í lögum nr. 87/1995 var lögfestur 90% verðtollur á franskar kartöflur sem tók reglubundnum og lögfestum lækkunum á árabílinu 1995–2000 uns hann náði núverandi stigi, 76%. Um lækkun var að ræða sem var bundin í alþjóðasamninga þar sem m.a. var kveðið á um að tollar og önnur gjöld yrðu umreiknuð til verðtolls, svo reiknaður verðtollur látinn ráða upphafsstöðu sem tæki umsömdum lækkunum á framangreindu árabíli.

Bls. | 2

Í ljósi framangreindrar forsögu telja SVP að sá verðtollur sem nú er lagður á franskar kartöflur njóti verulegrar sérstöðu. Stjórnvöld litu á vöruna sem iðnaðarvöru en ekki landbúnaðarvöru og naut hún ívilnana sem slík í bókum innlendra iðnaðarframleiðenda. Eins og leiða má af umræðum um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sem veittu ráðherra heimild til álagningar verðjöfnunargjalds á franskar kartöflur, tók a.m.k. hluti þingmanna fram að gjöldunum væri ætlað að vernda rekstur innlendra kartöfluverksmiðja. Eins og áður segir nam verðjöfnunargjaldið 90%, umreiknaðist sem 90% verðtollur og endaði sem slíkt sem gildandi 76% verðtollur. Það fer því nokkuð fjarri því að mati samtakanna að unnt sé að tengja gildandi tollhæð verndun innlendra landbúnaðarframleiðslu. Var tollinum þvert á móti ætlað að vernda framleiðslu sem ekki er lengur til staðar hér á landi.

Virðingarfyllst,



*Benedikt S. Benediktsson*  
lögfræðingur